

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t Eiríks Áka Eggertssonar
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 21. mars 2012.

Efni: Frumvarp til laga um ráðstafanir til að lækka eldsneytisverð (559. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér að hlutaskrár fyrirtækja verði gerðar aðgengilegar öllum sem og skrár yfir eignarhluti í fyrirtækjum sem varðveittir eru á safnreikningum.

Viðskiptaráð Íslands tekur undir mikilvægi þess að auka ráðstöfunartekjur einstaklinga í núverandi árferði og hefur um margra ára skeið bent á að skattalækkanir séu bestu kjarabætur heimila. Í þeim efnum þarf þó að stíga varlega til jarðar í ljósi bágrar stöðu ríkissjóðs. Langvarandi hallarekstur ríkissjóðs kemur niður á hagkerfinu í heild og því er það eitt mikilvægasta verkefni endurreisnarinnar að ná jöfnuði í ríkisfjármálum.


Þó er vel unnt að færa rök fyrir því að brýn þörf sé á heildarendurskoðun á umfangsmiklum skattahækkunum síðustu ára. Gjöld á bensín eru ágætt dæmi þar um. Má þar nefna að olíugjald hefur hækkað um rúm 30% frá árinu 2008, almennt bensíngjald hefur ríflega tvöfaldast og sérstakt bensíngjald hefur hækkað um 20%. Þá var svokallað steinolúgjald tekið upp um áramótin sem og kolefnisgjöld á bensín og olíu fyrir tveimur árum.¹ Á sama tíma hefur skattstofninn dregist saman milli ára en í nýjustu greiðsluafkomu ríkissjóðs segir að samdrátturinn milli árana 2010 og 2011 hafi verið um 7% í tilviki bensíngjalds og rúm 2% í tilviki olíugjalds.²

Með einfaldara skattkerfi má aftur á móti auka umsvif í hagkerfinu og þar með hagvöxt sem svo aftur skilar sér bættum lífskjörum og í beinum tekjuauka fyrir ríkið. Jákvæð áhrif í þessa veru eru rædd í frumvarpinu og réttilega bent á að framundan sé mesti álagstími ferðaiðnaðarins.

Lækkun umræddra gjalda myndi væntanlega hafa talsverð þensluhvetjandi áhrif í för með sér samhliða aukningu í neyslu. Hagvöxtur síðustu missera hefur um of verið drifinn af aukinni neyslu sem jafnframt kyndir undir verðbólgu. Verði frumvarp þetta samþykkt er því einkar mikilvægt að ríkissjóður dragi frekar saman seglin til að vega uppá móti væntum þensluáhrifum og hugsanlegu tekjutapi vegna lægri gjalda.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga.

Virðingarfyllt,



Haraldur I. Birgisson
Aðstoðarframkvæmdastjóri

¹ Sjá [skattayfirlit](#) Viðskiptaráðs

² [Greiðsluafkoma ríkissjóðs](#) janúar-desember 2011